FRÉTTABLAÐIÐ
30. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 12. FEBRÚAR 2021



Kona teymir hest í gegnum snjóinn í Mosfellsbænum. Veðrið hefur verið heldur rysjótt síðustu daga en horfur eru á hlýrri helgi sem gæti reynst tilvalin til útivistar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vilja dópsalana úr Hamraborg

**Umfangsmikil fíkniefnasala er í Hamraborg í Kópavogi að sögn manna sem reka þar fyrirtæki. Þeir vilja myndavélar til að fæla dópsalana frá. Kópavogsbær segist hafa tilkynnt eiturlyfjaviðskiptin til lögreglu.**

**KÓPAVOGUR** „Okkur sýnist vera þarna blómleg viðskipti,“ segir Benjamín Magnússon arkitekt, sem er meðal þeirra sem vill að yfirvöld vinni bug á fíkniefnaviðskiptum á bílastæðunum í kringum Hamraborg í Kópavogi.

Á samráðsfundi um skipulagsmál í Hamraborg fyrir tveimur vikum viðruðu fundarmenn áhyggjur sínar af glæpastarfsemi og annarri neikvæðri hegðun á Hamraborgarsvæðinu. Sérstaklega voru nefnd til sögunnar eiturlyfjaviðskipti á núverandi stæði við Hamraborg 10–12 og Fannborg 4 og 6 og neikvæð hegðun og starfsemi. Lögðu fundarmenn áherslu á að þörf væri á myndavélaeftirliti og góðri lýsingu á svæðinu til þess að sporna gegn þessu.

Benjamín, sem lengi hefur rekið arkitektastofu í Hamraborg og var á umræddum fundi, segir vandamálið ekki nýtt af nálinni. „Maður sér að það kemur einn bíll og bíður og svo kemur enn flottari bíll og það eru opnaðir gluggar og eitthvað gengur á milli áður en farið er hvort í sína áttina,“ lýsir hann dæmigerðum viðskiptum.

Benjamín kveðst hafa fyrir fimm árum hitt fulltrúa þáverandi meirihluta bæjarstjórnar í Kópavogi og lýst þungum áhyggjum. „Ég stakk upp á því að það yrðu settar upp myndavélar því þær hafa fælingarmátt. Þau sögðu að það yrði athugað, en síðan eru liðin fimm ár og það er ekki ein einasta myndavél komin upp,“ segir hann. Lögreglan hafi sömuleiðis verið látin vita og hún láti stundum sjá sig.

> **Ég stakk upp á því að það yrðu settar upp myndavélar því þær hafa fælingarmátt. Þau sögðu að það yrði athugað en síðan eru liðin fimm ár.**
>
> Benjamín Magnússon arkitekt

„Hamraborgin er örugglega eitt stærsta dópsölumarkaðssvæði landsins,“ segir annar maður sem rekur fyrirtæki í Hamraborg. Maðurinn, sem ekki vill að nafn sitt komi fram, segir að næstum daglega verði menn vitni að því að dópsalar mæti á svæðið með umslög fyrir viðskiptavini. Ástandið sé afar slæmt og krakkar niður í tólf ára séu að sprauta sig í bílageymslunum. Garðyrkjumenn séu hræddir við að setja berar hendur inn í runna því allt sé fullt af sprautunálum.

„Kópavogsbær hefur tilkynnt til lögreglu þegar bærinn hefur orðið þess áskynja að eiturlyfjaviðskipti hafi átt sér stað. Vísað er til lögreglu um nánari upplýsingar um þess háttar háttsemi,“ segir Sigríður Björg Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, aðspurð hvort bæjaryfirvöld viti af fíkniefnaviðskiptunum og hafi beitt sér gegn starfseminni í Hamraborg. **– gar**

## Íslensk löggjöf um rafmyntir í algeru skötulíki

**VIÐSKIPTI** Lítið hefur verið hugað að lagaramma utan um rafmyntir og framleiðslu þeirra á Íslandi. Fundað var um málið í efnahags- og viðskiptanefnd í gær.



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, gagnrýndi athafnaleysi ríkisstjórnarinnar í málaflokknum og skort á gagnsæi varðandi framleiðslu og áhrif hennar á raforkuþörf og verð hér á landi.

„Fólk hefur ýtt þessu á undan sér því þetta er stórt og mikið tæknimál. Það kann líka að vera að stjórnvöld hafi vanmetið umfangið,“ sagði Þorgerður. **– khg** / **sjá síðu 4**





Jóhanna Vigdís sat á þingi um tíma í stað Ágústar Ólafs Ágústssonar.

# Jóhanna hættir í Samfylkingu

**STJÓRNMÁL** Varaþingkonan Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir hefur sagt sig úr Samfylkingunni og um leið frá varaþingmennsku og öllum ábyrgðarstörfum í flokknum.

Þetta kemur fram í bréfi sem hún sendi stjórn og framkvæmdastjórn flokksins í gær.

Aðspurð segist Jóhanna ekkert hafa spáð í framboð fyrir annan flokk. „Ég veit bara að Samfylkingin er ekki flokkur sem mig langar að vera í lengur.“

Í bréfi til flokksforystunnar segir hún afar ánægjulegt að sjá áhuga fólks á þátttöku í flokksstarfinu aukast en vonbrigði að sjá nýliða í flokknum að skipa þrjú af fjórum efstu sætum flokksins í Reykjavíkurkjördæmunum fyrir kosningar til Alþingis næsta haust.

„Þetta eru ekki bara harkaleg skilaboð til mín persónulega heldur ekki síður til annarra í grasrót Samfylkingarinnar,“ skrifar hún til forystunar. Þótt hún sé seinþreytt til vandræða hafi henni ofboðið. **– oæg**

# Bleikar rústir




Vinnuvélar í óðaönn við að jafna gömlu höfuðstöðvar WOW air við jörðu. Ásamt gömlu bækistöðvum flugfélagsins hefur Byggingafulltrúinn í Reykjavík heimilað niðurrif á tveimur húsum á reitnum. Fáist heimild stendur þar til að reisa átta hæða atvinnuhúsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Opna nýjan leikvang fyrir rafíþróttir í sumar

**RAFÍÞRÓTTIR** Í sumar opnar nýr rafíþróttaleikvangur á Íslandi, í Turninum í Kópavoginum, undir heitinu Arena. Þetta verður stærsti leikvangur rafíþrótta á Íslandi en þar verður meðal annars veitingastaður, einkaherbergi fyrir hópa og svið fyrir rafíþróttaviðburði.

Leikvangurinn mun bjóða upp á tölvuleikjaspilun fyrir á annað hundrað manns, hvort sem um er að ræða áhugafólk eða atvinnumenn í rafíþróttum.

Þá verður Arena jafnframt nýtt heimili Rafíþróttasamtaka Íslands og mun einnig hýsa útsendingar rafíþróttaviðburða á Stöð 2 esport.

„Við stefnum á að hafa opna og skemmtilega stemningu í þessari fyrsta flokks rafíþróttamiðstöð,“ segir Daníel Rúnarsson hjá Arena. „Við viljum fá allt frá harðkjarna tölvuleikjaspilurum og atvinnufólk yfir í vini sem hafa áhuga á tölvuleikjum og vilja hittast og spila.“



Arena verður til húsa í Turninum í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá segir Daníel að samstarf við nálæg íþróttafélög um skipulagðar æfingar í rafíþróttum sé í undirbúningi. „Það æfa tæplega en 800 börn og ungmenni rafíþróttir í hverri viku á Íslandi. Við vitum að áhuginn er miklu meiri en það vantar aðstöðuna og við viljum geta mætt þessari eftirspurn.“ **– atv**






# Stærsta vegan búðin breytist og stækkar

**Vegan búðin í Faxafeni hefur sótt um enn eina breytinguna. Búðin hefur vaxið og dafnað síðan hún opnaði fyrir nokkrum árum. Eigendurnir telja að hún sé stærsta 100 prósent vegan búð í heimi. Bónuskælar fá nýtt hlutverk.**

**MATVÆLI** Þau Sæunn Ingibjörg Marinósdóttir og Magnús Reyr Agnarsson, eigendur Vegan búðarinnar í Faxafeni, hafa sótt um leyfi til að breyta innra skipulagi í versluninni til byggingarfulltrúa. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þau sækja um breytingu en búðinni hefur vaxið fiskur um hrygg síðan hún opnaði. Beiðninni var reyndar frestað og vísað til athugasemda.

„Við erum að framleiða sósur, salöt og samlokur og ýmislegt fleira undir merkjum Jömm í Hafnarfirði en við erum að flytja þá framleiðslu í Faxafen,“ segir Magnús. Áður en Vegan búðin opnaði var Bónusverslun þar til húsa og fá kælarnir sem áður kældu grænmeti og mjólkurvörur fyrir matvörurisann nú nýtt hlutverk fyrir framleiðslu og pökkun.

Úrvalið af vegan réttum í búðum og á veitingahúsum hefur fjölgað mikið að undanförnu en Magnús og Sæunn byrjuðu sem heildsala forðum daga áður en þau slógu í gegn með vörumerkinu sínu Jömm. „Það var ekki mikið úrval þegar við byrjuðum árið 2015. Núna fáum við beiðnir í hverri viku frá framleiðendum erlendis um að selja vörurnar sínar. Það er mikil framþróun í vegan matvælum í heiminum. Gamlir framleiðendur eru að breyta rótgrónum uppskriftum og taka út aukaefni til að vegan væða. Úrvalið í dag er allt annað en það var.“

Fyrir utan að vera í framkvæmdum í búðinni eru þau Sæunn og Magnús að mála og gera fínt heima hjá sér. Sæunn var einmitt með málarapensilinn á lofti heima hjá þeim þegar viðtalið fór fram. „Það eru alltaf til verkefni,“ segir hann og hlær. „Við byrjuðum með verslunina í litlum hluta gamla Bónus. Við vorum með heildsölulager þar líka en svo er búðin búin að éta á lagerinn því við erum alltaf að fá fleiri og fleiri vörur. Búðin er því orðin stærsti hlutinn af húsnæðinu.“




Magnús Reyr Agnarsson, annar eigendanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**» Vegan búðin opnaði í 30 fermetrum í Hafnarfirði árið 2018 með 30 vörur. Hún flutti í Faxafen í mars í fyrra.**

Enda er það orðið svo að ekki aðeins þeir sem aðhyllast vegan koma í búðina heldur einnig þeir sem vilja ekki glúten, sykur eða annað í sinn mat, eða eru hreinlega bara forvitnir um hrein matvæli.

„Það sem við höldum eftir okkar heimsóknir víða um heim er að Vegan búðin í Faxafeni sé ein stærsta vegan búð í heimi í fermetrum talið. Í Los Angeles og Berlín eru stórar búðir en þær ná okkur ekki í fermetrum talið. Þær 100 prósent vegan búðir sem við höfum skoðað ná okkur ekki í fermetrum,“ segir Magnús.

Aðspurður hvernig hann sjái framtíðina hjá sér og Vegan búðinni segir hann ekki spurning að fleiri og fleiri muni koma inn á þennan markað. „Framtíðin er vegan því plánetan þolir þetta ekki,“ segir Magnús. **benediktboas@frettabladid.is**




**Vörður** er eina fyrirtækið á Íslandi sem fær **10 í einkunn á kynjakvarða GEMMAQ** sem veitir upplýsingar um kynjahlutföll í stjórnunarstöðum fyrirtækja. Frá því við fengum jafnlaunavottun, fyrst allra fjármálafyrirtækja, höfum við einsett okkur að vera leiðandi á sviði jafnréttismála.

**Stöndum vörð um samfélagið**

vörður



Veiðitímabil tarfa hefst 15. júlí en kúa 1. ágúst. Því lýkur í september.

## Hreindýrakvóti ársins telur tólf hundruð dýr

**VEIÐI** Heimilt er að veiða 1.220 hreindýr á þessu ári samkvæmt upplýsingum á vef Umhverfisstofnunar. Kvótinn telur 701 kú og 519 tarfa með fyrirvara um að ekki verði stórvægilegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum.

Veiðigjald fyrir tarf er 150 þúsund krónur og 86 þúsund fyrir kýr. Veiðitímabil tarfa er frá 15. júlí til og með 15. september en kúa frá 1. ágúst til 20. september. Á síðasta ári var heimilt að veiða allt að 1.325 hreindýr, 805 kýr og 520 tarfa. **– bdj**

## Breytingum á stjórnarskránni vísað til nefndar

**ALÞINGI** Fyrstu umræðu um frumvarp Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, um breytingar á stjórnarskrá lauk á Alþingi í dag.

Málið var rætt fram eftir degi í þinginu en umræða um það hófst í síðustu viku og var frestað vegna kjördæmadaga.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Í frumvarpinu er mælt fyrir um umhverfisvernd, auðlindir í þjóðareign, ákvæði um forseta og framkvæmdarvald, að almannaréttur sé tryggður í stjórnarskrá og vernd íslenskrar tungu.

Málinu hefur nú verið vísað til meðferðar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins, sem afla mun umsagna um málið. **-aá**

# Skýrari lög þarf um rafmyntir

**Þingmenn telja þörf á að skoða lagaramma um rafmyntir. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir unnið að bættri neytendavernd en formaður Viðreisnar gagnrýnir skort á heildarstefnumótun í málaflokknum.**



Rafmyntir voru ræddar á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐSKIPTI** Málefni rafmynta voru rædd á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær. Þeir þingmenn sem rætt var við telja þörf á að skoða lagarammann í kringum framleiðslu rafmynta, sem um 5 prósent íslenskrar orkuframleiðslu er notaður til að búa til. En eins og Fréttablaðið greindi frá í gær streyma rafmyntir frá íslenskum gagnaverum út í heim eftirlitslaust.

Bryndís Haraldsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, hefur fylgst með málefnum rafmynta en þá aðallega í skattalegu tilliti. Hún segir rafmyntir falla undir eftirlitsramma þeirrar löggjafar er lýtur að peningaþvætti og fleiru sem komið hefur að utan. „Hvað framleiðsluna varðar þá er þetta eitthvað sem við þurfum að skoða,“ segir hún og tekur undir að það sé ábyrgðarhluti að heimila framleiðslu gjaldeyris sem notaður sé í ýmsum tilgangi, hugsanlega ekki alltaf góðum.

Segir hún að hingað til hafi verið einblínt á neytendaverndina hvað varðar rafmynt. Hafa meðal annars Seðlabankinn, Póst- og fjarskiptastofnun, Neytendastofa, Tollstjóri og fjármálaráðuneytið gefið út viðvaranir við notkun hennar.

„Það er ekki ólöglegt að framleiða rafmynt í dag og ég hef ekki séð rök fyrir banni. Spurningin er hvort þörf sé á frekari lagaramma,“ segir Bryndís. „Það þarf að skoða hvað er hægt og hvað er eðlilegt, nóg erum við nú að fylgjast með eðlilegri bankastarfsemi. Ef það er hola þarna þarf að fylla upp í hana.“

Þórarinn Ingi Pétursson, fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, segir að fyrst þurfi nefndarmenn að átta sig á hvað rafmynt sé og hvað hún getur gert, áður en farið verði í hugsanlega lagasetningu. „Sá tími er kominn að við þurfum að skoða þessa hluti,“ segir Þórarinn. Hann telur annir annarra verkefna skýra hvers vegna það hafi ekki verið gert fyrr.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir þörf á skýrari lagaramma og meiri þekkingar innan stjórnkerfisins á rafmynt og framleiðslu hennar, án þess að loka fyrir hana. „Mér finnst mjög ámælisvert að ríkisstjórnin hafi ekki gert neitt til að eiga samtal eða sýna frumkvæði varðandi stefnumótun í þessum málaflokki,“ segir hún. Auk þess að lítið gagnsæi ríki um framleiðsluna geti hún haft áhrif á raforkuþörf og verð hér á landi.

**Þetta er flókið en að skýla sér á bak við vanþekkingu er ekki lögmæt afsökun.**

Smári McCarthy



„Fólk hefur ýtt þessu á undan sér af því að þetta er stórt og mikið tæknimál. Það kann líka að vera að stjórnvöld hafi vanmetið umfangið,“ segir Þorgerður. „En nýlegar umfjallanir um þetta hafa sýnt hversu umsvifin eru mikil í jafn ógagnsæjum og órekjanlegum viðskiptum og rafmynt er.“

Smári McCarthy, þingmaður Pírata, segir þörf á skilgreiningu rafmyntar og hugsanlega sérlög. Hvort þetta sé gjaldmiðill, hlutabréf, vara eða annað og hvort Fjármálaeftirlitið, Neytendastofa eða aðrir eigi að sinna eftirliti. Hann hefur í nokkur skipti rætt rafmyntir á þinginu. „Þetta getur haft miklar afleiðingar í för með sér,“ segir Smári. „Þetta er flókið en að skýla sér ábak við vanþekkingu er ekki lögmæt afsökun.“

Fyrir utan allt það sem tengist viðskiptunum sjálfum verði að huga að náttúruverndarþættinum. Rafmyntir séu unnar með því að reikna svokölluð hakkaföll, sem í upphafi fyrir rúmum áratug var hægt að gera með venjulegum örgjörvum, en í dag eru reiknuð um 200 milljón föll á sekúndu. Það er ekki aðeins framleiðslan sem útheimtir orku heldur einnig færslurnar. „Hver færsla notar 900 kílówött, um það bil það sem stórt hús í Bandaríkjunum notar á einu ári,“ segir hann. „Ég tel að þetta sé tilefni til þess að ræða auðlindaskatt. Fimm prósent orkunnar fer í þetta en samfélagið nýtur ekki góðs af því í samhengi við umfangið.“ Hefur Smári, sem fylgist vel með, ekki orðið var við að Íslendingar sjálfir noti rafmyntir í viðskiptum í stórum stíl.

**Rafmyntir streyma frá íslenskum gagnaverum út í heim án alls eftirlits.**

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingar, segir flokkinn leggja áherslu á aukið eftirlit með viðskiptum með rafmynt. „Það er í höndum fyrirtækjanna sjálfra, sem stunda svokallaðan námugröft á rafmynt, að starfa innan ramma laganna en það er ekki námugröfturinn sjálfur sem er ólöglegur heldur sum viðskipti sem eru stunduð með þessum gjaldmiðlum,“ segir hann. „Sala og kaup á barnaklámi, viðskipti með fíkniefni og fjármögnun hryðjuverkasamtaka eru ólögleg, hvort sem það er með rafmynt, íslenskum krónum eða öðrum hætti. Tæknin í sjálfu sér er ekki vond, en notkun hennar vekur sannarlega margar siðferðislegar spurningar.“

Hann segir umhugsunarvert að raforkan fari í framleiðslu sem ekki skili hefðbundnum verðmætum, vörum eða hugverkum. Skortur á gagnsæi geri yfirvöldum einnig erfitt fyrir. Stjórnmálamenn ættu ekki að hræðast umræðuna þó tæknin sé ný og kannski flókin.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**


ER ÞÍN MOTTA TILBÚIN Í VETURINN?



MOTTULEIGA OG SALA

HALDIÐ SNJÓNUM OG SLABBINU ÚTI

- Leigjum og seljum vandaðar gólfmottur í mörgum stærðum.
- Motturnar draga í sig mikinn raka og óhreinindi.
- Sækjum - hreinsum - skilum.

MOTTA

Sími 583 4000 - motta.is


# Dæmir milljónabætur í Landsréttarmáli

**DÓMSMÁL** Löngum og flóknum dómsmálum lauk endanlega í gær þegar Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkið til að greiða dómaranum Jóni Höskuldssyni 9,5 milljónir í bæði skaða- og miskabætur vegna þess að gengið var fram hjá honum við skipun fimmtán dómara í Landsrétt haustið 2017. Rétturinn viðurkenndi einnig skaðabótaskyldu ríkisins gagnvart dómaranum Eiríki Jónssyni á sömu forsendum.

Báðir hafa þeir hlotið skipun við réttinn síðan en málaferli þeirra við ríkið hafa staðið frá árinu 2018. Þeim voru dæmdar bætur í héraði en Landsréttur sneri þeim dómi við og sýknaði ríkið af kröfum þeirra.

Í dómum Hæstaréttar í gær segir að Jón og Eiríkur hafi leitt nægar líkur að ef ráðherra hefði metið umsóknir þeirra með forsvaranlegum hætti, auk samanburðar á hæfni þeirra og annarra umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt,



Fyrrverandi dómsmálaráðherra, hefur verið umfjöllunarefni bæði innlendra og alþjóðlegra dómstóla vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hefði það mat leitt til þess að þeir hefðu verið skipaðir dómarar við réttinn umrætt sinn. Þeir ættu því rétt á skaðabótum.

Landsréttarmálið er meðal stærstu fréttamála í íslensku samfélagi á síðustu árum og hefur reynst ráðherrum erfitt bæði lögfræðilega og pólitískt. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tvívegis kveðið upp áfellisdóm yfir íslenska ríkinu vegna málsins. Dómur yfirdeildar MDE í málinu hefur fordæmisgildi fyrir aðildarríki hans. **– aá**


Walls 2 Paint
Milliveggir fyrir heimili
Skrúfa, líma og mála.
Engin grunnun.
Ekkert spartl!
Stærð plötu:
600 x 2600 x 12mm
600 x 3000 x 12mm
Þ.Þ & CO
BYGGINGAVÖRUVERSLUN
Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúli 29 108 Rvk 512-3360 korkur.is




Þessi krafðist afsagnar Mori með orðunum „Strokum út karlrembu!“

## Búist við afsögn Yoshiros Mori

**JAPAN** Búist er við því að Yoshiro Mori, forseti undirbúningsnefndar Ólympíuleikanna í Tókíó, segi af sér í dag en kallað hefur verið eftir afsögn hans í kjölfar óviðeigandi ummæla sem hann hafði um konur.

Mori hefur beðist afsökunar á ummælum um að konur töluðu of mikið og sætu þær í nefndum þyrfti að gera ráð fyrir lengri fundarhöldum. Þetta kemur fram á vef BBC.

Bæði íþrótta- og stjórnmálafólk hefur fordæmt ummæli Moris, sem er 83 ára, og það hafa einnig margir stóru styrktaraðilar Ólympíuleikanna gert. Fjölmiðlar í Japan segjast hafa fyrir því heimildir að Mori muni segja af sér í dag. **– bdj**



Þar með lýkur ári rottunnar.

## Ári uxans fagnað í streymi

**KÍNA** Í dag gengur í garð ár uxans samkvæmt kínversku tímatali. Auk Kína heldur fjöldi þjóða upp á daginn, þar á meðal Indónesía, Malasía og Norður- og Suður-Kórea.

Í tilefni þess stendur kínverska sendiráðið á Íslandi fyrir nýársfögnuði í streymi. Þar verður hægt að fylgjast með fjölda kínverskra nýárshefða og hlýða á hátíðartónlist.

Helgi Steinar Gunnlaugsson alþjóðastjórnmálafræðingur skrifar grein í tilefni dagsins á vef Fréttablaðsins. Þar lýsir hann áhyggjum yfir þeirri neikvæðu mynd sem vestrænir fjölmiðlar hafa dregið upp af Kína.

„Ef öll umræða um tiltekna þjóð er einungis svar við einhverju afbroti eða áðeiluefni þá er mjög skiljanlegt að við hneigjumst til að mála upp neikvæða mynd af henni,“ segir Helgi í grein sinni, sem má lesa í fullri lengd á frettabladid.is/skodun. **– atv**

# Kópavogsbær stöðvar auglýsingar í flokksblöðum

**KÓPAVOGUR** Bæjarráð Kópavogs ákvað í gær að hætta að auglýsa í blöðum stjórnmálaflokka þar til reglur hafa verið settar um málið.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan janúar gerði Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, fulltrúi Pírata, athugasemdir við auglýsingar bæjarins í Vogum, blaði Sjálfstæðisflokksins í bænum. Hafði hún fengið þau svör að þetta væri í raun styrkur sem allir flokkar með kjörna fulltrúa ættu rétt á. Þetta

> Ég hefði viljað leggja þetta fyrirkomulag auglýsingakaupa af.
>
> Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata



stæði hvergi í reglum en hefði verið ákveðið fyrir áratug og nýir fulltrúar aldrei upplýstir um þetta.

Forsætisnefnd Kópavogsbæjar mun nú taka fjárhæð styrkja til stjórnmálaflokka til umfjöllunar. Sigurbjörg hefur takmarkaðar væntingar til þeirrar leiðar. „Ég hefði viljað leggja þetta fyrirkomulag auglýsingakaupa af. Vænlegri leiðir eru til að styrkja við lýðræðislega umræðu eins og yfirlýst markmið er,“ segir hún. „Flokkarnir eru í mjög misjafnri stöðu til þess að nýta þetta og aðeins einn flokkur í virkri blaðaútgáfu.“

Alls fékk Sjálfstæðisflokkurinn 1,4 milljónir króna frá árinu 2014, Samfylking 400 þúsund, Framsóknarflokkurinn 300 og aðrir minna eða ekkert. Sigurbjörg segir misræmi í framlögðum gögnum bæjarritara um auglýsingstyrki, það er fleiri auglýsingar en nótur upp á nokkur hundruð þúsund krónur og ekki liggur fyrir skýring á því. **– khg**

# Stjórn Bandaríkjanna stefnir aftur í Mannréttindaráð SÞ

**Stjórn Joes Biden hefur tilkynnt að hún vilji koma aftur til starfa í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Biden hefur unnið að því frá því hann tók við embætti að endurreisa orðspor Bandaríkjanna á alþjóðavettangi. Stjórn Donalds Trump vék úr mannréttindaráðinu vegna gagnrýni ráðsins á Ísrael.**

**UTANRÍKISMÁL** Stjórn Donalds Trump, þáverandi Bandaríkjaforseta, ákvað árið 2018 að segja sig úr Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna (HCR). Ísland tók sæti þeirra þar sem fulltrúi vestur-evrópskra og annarra ríkja (WEOG). Stjórn Joes Biden Bandaríkjaforseta hefur tilkynnt að hún hyggist aftur taka þátt í starfi ráðsins og öðrum alþjóðastofnunum.

Ísland sat í ráðinu í 18 mánuði, frá 13. júlí til áramóta 2019. Mannréttindaráðið á að styðja við mannréttindi og vernd þeirra um heim allan og eru ríki kosin til setu þar af allsherjarþingi SÞ til þriggja ára í senn.

Trump réttlætti þá ákvörðun að víkja úr ráðinu með því að ráðið fjallaði með ósanngjörnum hætti um meint mannréttindabrot Ísraels. Því gætti ekki sanngirni í því hvaða mál væru á dagskrá þess. Þrátt fyrir að núverandi stjórnvöld vestan hafs ætli að taka aftur þátt í starfi ráðsins er það þó ekki svo að Bandaríkin fái sjálfkrafa sæti þar. Nú sitja Þýskaland og Holland í þeim tveimur sætum af 47 sem WEOG er úthlutað.

Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að úrsögn Trumps „gerði ekkert til að knýja fram markverðar breytingar en skapaði þess í stað tómarúm þar sem leiðtogahlutverk Bandaríkjanna skorti, sem valdsækin ríki hafi nýtt sér.“ Afstaða ráðsins til Ísraels sé þó enn áhyggjuefni, segir Blinken.

Ekki er ljóst hvort Bandaríkin hyggist bjóða sig fram til setu í ráðinu í haust þegar kosið verður í það á nýjan leik. Kínverjar voru kosnir til setu þar í fyrra, þrátt fyrir andstöðu Bandaríkjanna, og munu þeir



Antony Blinken tók við embætti utanríkisráðherra Bandaríkjanna í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> Í sameiningu verðum við að styrkja Mannréttindaráðið svo það geti náð árangri.
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra



hugsanlega svara fyrir það með því að freista þess að hindra kosningu Bandaríkjanna í ráðið nú, ákveði stjórn Bidens að sækjast eftir því.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra fagnar tilkynningu Blinkens. „Þrátt fyrir að Mannréttindaráðið sé ekki fullkomið gegnir það lykilhlutverki í að vekja athygli á mannréttindabrotum, líkt og Ísland gerði með virkum hætti sem meðlimur þess. Í sameiningu verðum við að styrkja Mannréttindaráðið svo það geti náð árangri,“ segir Guðlaugur Þór. Að mati Sveins H. Guðmarssonar, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins, er ákvörðun Bandaríkjanna gleðiefni.

Fullrúi Íslands í ráðinu beitti sér einkum gegn mannréttindabrotum Rodrigo Duterte, forseta Filippseyja, í stríði hans gegn vímuefnum. Hann brást ókvæða við málflutningi Íslands og afskiptasemi þess. **thorvardur@frettabladid.is**

# Laxeldi í heiminum sagt skaða lífríkið og kosta þúsundir milljarða

**UMHVERFISMÁL** Dagblaðið Guardian segir nýjar athuganir leiða í ljós að kostnaður vegna ýmissa hliðarverkana laxeldis í heiminum hafi numið 50 milljörðum punda, jafnvirði 8.900 milljarða króna, yfir árin 2013 til 2019. Sé það vegna mengunar, sníkjudýra og fiskidauða.

„Fiskidauði hefur meira en fjórfaldast, frá 2 prósentum á árinu 2002 upp í 13,5 prósent á árinu 2019,“ segir Guardian, sem kveður þetta eiga við um laxeldi í Skotlandi. Um fimmtungur þessa fiskidauða sé sagður vegna lúsa en ekki sé gefin upp ástæða fyrir tveimur þriðju hluta fiskidauðans.

Í Skotlandi, sem sé einn af stærstu framleiðendum eldislax í heiminum, sé virði iðnaðarins fyrir efnahag landsins metið á tvo milljarða punda árlega. Umhverfisleg áhrif ein og sér í Skotlandi séu hins vegar talin hafa kostað 1,4 milljarða punda frá 2013 til 2019. Sé það samkvæmt mati Just Economics sem unnið hafi rannsóknarvinnu fyrir skýrslu Changing Markets samtakanna. Þessi samtök hafa þá stefnu að beita markaðsöflum til að knýja fyrirtæki til sjálfbærrar framleiðslu og í átt að lausnum sem komi félagslega og umhverfislega til góða.

„Magnið af villtum fiski sem notaður er til laxeldis er einnig vaxandi áhyggjuefni. Um það bil fimmtungur af árlegri fiskveiði, sem svarar til um 18 milljóna tonna af villtum fiski á ári, er notaður til að búa til fiskimjöl og fiskiolíu og af því fer um 70 prósent til fiskeldis. Þetta veldur vanda fyrir fiskveiðimenn í þróunarlöndum sem sjá stofna sína ofveidda svo fóðra megi neyslu á Vesturlöndum á eldisfiski, samkvæmt skýrslunni,“ rekur Guardian.



Eldislax unninn hjá Sandenesjöen í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

Þá kemur fram að samkvæmt athugun á laxeldisiðnaðinum í Kanada, Noregi og Síle, sem eru mjög stórir framleiðendur á heimsvísu, beri eldisfyrirtækin sjálf um 60 prósent af hinum óbeina kostnaði sem fylgi eldinu. Sá kostnaður snúi að meðferð gegn lúsum og að fiskidauða í eldinu.

„En um 40 prósent kostnaðarins er borinn af samfélaginu í heild, til dæmis vegna mengunar, fækkunar í fiskistofnum og áhrifanna á loftslagskreppuna,“ vitnar Guardian í skýrsluna.

Talsmaður Samtaka skoskra laxeldisfyrirtækja, the Scottish Salmon Producers Organisation, gagnrýnir skýrsluhöfundana. Laxeldi hafi mjög jákvæð umhverfisáhrif því iðnaðurinn hafi minnsta kolefnisspor allra framleiðenda próteins úr dýrum. Laxinn sé næringarríkur og hollur eins og Sameinuðu þjóðirnar og aðrir alþjóðlegir sérfræðingar hafi viðurkennt.

„Sjávareldi er ein besta leiðin til þess að fóðra vaxandi fólksfjölda í framtíðinni. Það er leitt að höfundarnir hafi valið að hunsa þann óhrekjanlega ágóða við birtingu þessarar skýrslu,“ hefur Guardian eftir talsmanni skoskra laxeldismanna. **– gar**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Út úr kófinu



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Íslensku bankarnir hafa staðið af sér efnahagshremmingarnar betur en flestir hefðu þorað að vona við upphaf farsóttarinnar. Aukin vanskil og virðisrýrnun útlána einskorðast að mestu við fyrirtæki í ferðaþjónustu og eiginfjárhlutföll þeirra eru ein þau hæstu á meðal banka í Evrópu. Í sviðsmyndagreiningu sem Seðlabankinn birti um mitt ár í fyrra var því spáð að bankarnir þrír gætu séð fram á tap upp á samanlagt meira en 50 milljarða á árunum 2020 og 2021 – að stærstum hluta kæmi tapið til á þessu ári – og að þeir þyrftu að færa niður lánasöfn sín um 100 til 210 milljarða króna. Bönkunum var því gert að fresta tímabundið öllum arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum. Sú ákvörðun var eðlileg og skynsöm á þeim tíma vegna þeirrar miklu óvissu sem ríkti um efnahagsframvinduna.

Spár Seðlabankans hafa sem betur fer ekki raungerst. Bankarnir skiluðu samanlagt um 30 milljarða hagnaði á liðnu ári – það getur samt ekki talist mikil arðsemi með hliðsjón af eigin fé upp á meira en 600 milljarða – og afskriftir útlána eru miklu minni en reikna hefði mátt með miðað við það efnahagsáfall sem faraldurinn hefur valdið. Það kemur því ekki á óvart að Seðlabankinn hafi endurskoðað fyrri tilmæli sín, sem grundvölluðust á varúðarsjónarmiðum til skamms tíma, og veitt Arion, eina bankanum í einkaeigu og sem skráður er á markað, heimild til að kaupa til baka eigin bréf og greiða út arð fyrir 18 milljarða. Sú ákvörðun er merkileg fyrir þær sakir að enginn annar evrópskur banki sem telst vera kerfislega mikilvægur í sína heimaríki hefur fengið samskonar heimild – eiginfjárhlutfall Arion verður samt 27 prósent eftir útgreiðslurnar – og undirstrikar hún vel fjárhagslegan styrk íslensku bankanna almennt.

Vilji ríkið, sem eigandi Íslandsbanka og Landsbankans, fara sömu leið stendur nú fátt í vegi fyrir því. Bankasýslan, sem heldur utan um eignarhluti ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum, skoðar nú hvort hagkvæmt sé að greiða út hluta af umfram eigin fé Íslandsbanka – stofnunin metur það vera á bilinu 19 til 58 milljarðar króna – áður en ráðist verður í áformaða sölu á 25 til 35 prósenta eignarhlut í bankanum síðar á árinu. Hvort skynsamlegt sé að fara í slíka ráðstöfun mun einkum ráðast af verðmati fjárfesta á þessu umfram eigin fé bankans þegar söluferlið hefst. Í tilfelli Landsbankans, sem er með um 258 milljarða í eigið fé og eiginfjárhlutfall upp á 25 prósent, væri sömuleiðis hæglega hægt að greiða út tugi milljarða króna með sérstakri arðgreiðslu – og þannig minnka um leið gríðarlega lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Fram undan er uppstokkun á íslensku bankakerfi. Fáir efast um að markaðsaðstæður til að hefja sölu á Íslandsbanka eru hagfelldar en eigi að takast að byggja upp traust á ferlinu er mikilvægt að Bankasýslan taki að sér leiðandi hlutverk við að útskýra fyrir almenningi þær ákvarðanir sem teknar verða – meðal annars hvort minnka eigi efnahagsreikning bankanna með arðgreiðslum. Flest bendir til að slík leið sé skynsamleg og að þeir yrðu eftir sem áður einir best fjármögnuðu bankar í Evrópu með mikla útlánagetu til að styðja við endurreisn efnahagslífsins.

> **Mikilvægt er að Bankasýslan taki að sér leiðandi hlutverk við að útskýra fyrir almenningi þær ákvarðanir sem teknar verða á næstunni.**




### Halldór




### Frá degi til dags

**Leynifélagar**

**Guðmundur Franklín Jónsson er ekki af baki dottinn og ætlar að bjóða fram í öllum kjördæmum í komandi alþingiskosningum undir merkjum hins nýstofnaða Frjálslynda lýðræðisflokks. Guðmundur var eldhress í spjalli við Arnþrúði Karlsdóttur á Útvarpi Sögu í gær þar sem hann upplýsti að uppstillingarnefnd væri að raða nöfnum í baráttusæti framboðslistanna sem yrðu þó ekki opinberaðir fyrr en nær dregur kosningum til þess að hlífa frambjóðendum við „orrahríð“ og „veseni“, vitandi hvernig fjölmiðlar haga sér.**

**XOXO**

**Flokkurinn hefur fengið listabókstafinn O. Viðeigandi þar sem ljóst er að blóðið rennur í stofnandanum sem brennur fyrir helstu stefnumálum flokksins. Sum þeirra eru líka þess eðlis að óhætt er að byrja að láta sig hlakka til kosningabaráttunnar og ber þar fyrst að nefna harða andstöðu gegn fjórða orkupakkanum sem mun vera handan við hornið, hálfu verri en sá þriðji. Þá dregur ekki úr spennunni að komist Guðmundur til áhrifa verður hans fyrsta verk að opna hinn dularfulla, goðsagnarkennda og meinta leyniklefa sem geymir enn ævintýralegri skjöl sem Steingrímur J. og Jóhanna munu hafa hneppt í 110 ára þagnarálög. XOXO.**

toti@frettabladid.is

## Sérrýmin tryggja betra flæði



Pawel Bartoszek
borgarfulltrúi Viðreisnar og varaformaður skipulags- og samgönguráðs

Borgarlínan snýst ekki um þvingun heldur val. Öll framtíðarplön gera ráð fyrir að flestir ferðist áfram á bíl en því fleiri sem velja aðra kosti, þeim mun betur mun umferðin ganga. Þetta snýst um skynsemi. Í nágrannalöndum ferðast nemar upp til hópa ekki á eigin bíl í skólann. Hér neyðist ungt fólk oft til þess.

Borgarlínan verður svokallað BRT-kerfi. Í BRT-staðlinum eru sett lágmarksviðmið um að slík kerfi þurfi að hafa 3 km af sérrýmum og að sérrýmin þurfi að vera helmingur allrar leiðarinnar. Fyrsti áfangi Borgarlínu verður 14 km, þar af rúmlega 10 km í sérrými, eða 71% leiðarinnar. Sem er flott.

Mestu munar þar um 5 km kafla frá Ártúnshöfða og niður að Hlemmi og 3 km kafla í Vatnsmýri og yfir Fossvoginn. Á tveimur köflum, á Hverfisgötu og á Borgarholtsbraut, er gert ráð fyrir sérrými í aðra áttina en blandaðri umferð í hina. Þá gera fyrstu áætlanir ráð fyrir að Borgarlínan keyri í kringum Tjörnina í blandaðri umferð.

Meðfram Borgarlínunni verða breiðir hjólastígar. Hjólasamgöngur á höfuðborgarsvæðinu munu stórbatna. Göturnar sjálfar hætta að vera eins og stórfljót og verða í staðinn að borgarvænum breiðstrætum. Það verður allt annað fyrir gangandi að fara yfir slíkar götur en nú er.

Frumdrög að Borgarlínu hafa nú verið birt. Hægt er að skoða þau á borgarlinan.is og senda inn athugasemdir. Í vinnunni fram undan er mikilvægt að standa vörð um sérrýmin. Ef þeim er fækkað verður ávinningurinn enginn og umferðin batnar ekki. Það ætti raunar að fjölga sérrýmunum ef eitthvað er.

Að lokum: Af umræðunni að dæma mætti stundum halda að hægt sé að gera brautir fyrir Borgarlínu án þess að nokkurt einasta bílastæði eða götubútur þurfi að víkja. Það er auðvitað ekki þannig. Borgin mun breytast. En í því felast bara tækifæri. Tökum þeim fagnandi.

> **Í vinnunni fram undan er mikilvægt að standa vörð um sérrýmin. Ef þeim er fækkað verður ávinningurinn enginn og umferðin batnar ekki.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Umræða í þáskildagatíð

**Í DAG**

Guðmundur Steingrímsson



Af öllum tíðum sagna í íslensku finnst mér þáskildagatíðin sú skemmtilegasta. Hún er samsett af sögninni munu í viðtengingarhætti þátíðar og sögninni hafa í nafnhætti. Við það tvíeyki bætist svo aðalsögnin í lýsingarhætti nútíðar, eins og til dæmis sögnin að bólusetja. Þá myndi skildagatíðin í þessu tilviki líta svona út: Myndi hafa bólusett. Að svona orðasambandi má leika sér á ýmsa vegu. Dæmi: „Það myndi hafa verið elegant ef Pfizer myndi hafa bólusett mest alla þjóðina og við myndum hafa fengið leyfi núna til að knúsa fólk og vera ekki með grímur.“

Einfaldari leiðir til að tjá hið sama er í boði með orðasambandinu hefði verið, samanber orð forsætisráðherra í vikunni um það að það hefði verið skemmtilegt ef Pfizer samningurinn hefði gengið upp.

Ég er sérstakur áhugamaður um umræðu sem einkennist af þessari notkun tíðarbeyginga. Einkum og sér í lagi finnst mér athyglisvert hversu ótrúlega merkingarlaus hún er og í raun þýðingarlítil. Það eru engin takmörk fyrir öllu því í veröldinni sem myndi hafa getað gerst. Að velta sér mikið upp úr slíku er ávísun á geðræn vandamál, myndi ég segja, eða svo notað sé nýlegt tungutak: Yfirgripsmikinn skort á g-vítamíni. Blessunarlega held ég að því megi halda fram með nokkrum rökum, að íslenska þjóðin sé ekki mjög upptekin af þessari tegund orðræðu. Samfélagsleg eftirsjá er lítil.

Hvað myndi hafa gerst ef Ingólfur Arnarson hefði ekki numið land heldur frekar einhver huggulegri og lífsglaðari Íri? Slíkar spurningar sækja ekki mjög á þjóðarsálina. Brostnar vonir víkja jafnan fyrir hinu veðurbarða raunsæi, stundarvonbrigði fjúka út í heiðarþokuna og við höldum áfram að gera það sem við vorum að gera. Enginn tími fyrir theoretískt blaður. Þannig fór um sjóferð þá.

En skrattakornið samt. Ég verð að viðurkenna að ég syrgi það svolítið hversu mjög þessi þjóð fór á mis við ákaflega hressilega siðferðislega deilu að þessu sinni. Spurt var: Áttum við að reyna að fara fram fyrir röðina? Spurningar heimspekinganna í vikunni voru áhugaverðar og það myndi ábyggilega hafa verið gaman að rökræða þær í þaula. Ég efast þó um að slík rökræða hefði farið fram.

Sjáiði til: Af einu hafði ég persónulega sérstakar áhyggjur, þegar þessar hugmyndir um að bólusetja alla þjóðina í tilraunaskyni komu upp fyrst. Það fylgdi alltaf sögunni að meginþorri þjóðarinnar yrði bólusettur. Ég hjó eftir þessu orðalagi: Meginþorri. Talað var um 60%. Vegna eðlislægrar svartsýni minnar málaði ég umyrðalaust skrattann á vegginn við þær upplýsingar. Ég taldi ætíð augljóst að ég yrði á meðal þeirra 40 prósenta sem yrðu ekki bólusett. Og vegna þess að tilraunin yrði að klárast, þá hefði mér verið uppálagt að horfa á hina djamma og knúsast fram eftir sumri, og ferðast til útlanda, en ég yrði á meðan kyrrsettur með grímu. Áhyggjur mínar voru því alls ekki siðferðislegar, heldur beinlínis eins byggðar á eiginhagsmunasemi og þær hefðu getað orðið. Þær voru eiginlega siðlausar, ef eitthvað er.

Ég efast ekki um að hugmyndir um að gera tilraun á þjóðinni í því augnamiði að bólusetja meginþorra hennar voru settar fram á traustum grunni og með gott eitt í huga. Einhver vísindaleg þýðing hefði sjálfsagt getað verið þarna undirliggjandi. Það mátti reyna. Í siðferðisspurningunum sem hefðu getað farið á flug felst hins vegar spegill á þjóðina, sem er kannski hollt um stundarsakir að velta fyrir sér. Er ekki nokkuð augljóst að ef af þessu hefði orðið, þá værum við núna hoppandi glöð? Ákaflega fáir, held ég, væru að spá í siðferðisleg álitamál.

Þegar skrattinn segir „allt þetta býð ég yður“, þá eru held ég glettilega margir sem myndu hugsa: Jú, auðvitað væri ég siðferðislega sterkari ef ég segði nei við púkann, en hins vegar er það nú svo að margt mælir með því að ég, eftir dæmalaust streð hér undanfarna áratugi og óeigingjarnt starf, eigi smá heimtingu á því að fá að eignast þetta allt. Ef ég eignast þetta ekki, þá gerir það bara einhver annar. Nú er komið að mér. Ég slæ til. Ég segi já við skrattann.




Ekki það að ég líki nokkrum við Kölska í Pfizer málinu. Lærdómurinn af því, sem kannski má velta sér aðeins upp úr, er þó nokkuð tær. Sterkari er þjóð ekki siðferðislega. Kalt mat er þetta: Bjóðist þjóð að fara fram fyrir í röð, þá fer þjóð fram fyrir í röð. Í þessu felst viss spegill, sjálfsmynd sem myndi hafa verið gaman að ræða. En ég held við hefðum aldrei rætt hana.

Það er það sem ég myndi vilja sagt hafa um það mál.

Nýjar áskoranir – nýjar leiðir

Styrkir til krabbameinsrannsókna

227 milljónum úthlutað

47 styrkir veittir

Styrkt af Velunnurum Krabbameinsfélagsins

Markmið Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins er að efla rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. Fjölbreytt rannsóknarverkefni eru styrkt af Vísindasjóðnum. Sérstaklega er hvatt til umsókna til klínískra rannsókna og rannsókna sem tengjast börnum og unglingum.

Sjóðurinn var stofnaður með myndarlegu stofnframlagi Krabbameinsfélagsins, auk framlaga frá krabbameinsfélögum um allt land. Starfsemi hans er fjármögnuð af félaginu með styrkjum og gjöfum almennings og fyrirtækja.

**Hægt er styrkja sjóðinn á krabb.is eða í síma 540 1900**

**Óskað er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum**

- Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar er að finna á *www.krabb.is/visindasjodur/*
- Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti **þriðjudaginn 9. mars**
- Umsóknir skal senda rafrænt á *visindasjodur@krabb.is*
- Hámarksupphæð styrks er 10 milljónir króna
- Styrkur vegna sama verkefnis er veittur að hámarki í þrjú ár

**Dæmi um rannsóknarverkefni sem styrkt eru af sjóðnum**



„Ef ljósameðferð dregur úr líffræðilegri öldrun eftir krabbameinsmeðferð gæti þetta verið hagkvæmt meðferðarúrræði til að stuðla að góðri líkamlegri og andlegri heilsu.“ **Þórhildur Halldórsdóttir hlaut 9,3 milljónir króna úr sjóðnum 2020.**



„Við teljum að skilningur á kæliferli í krabbameinsfrumum geti nýst til að þróa betri meðferðir og minnka aukaverkanir meðferða.“ **Hans Tómas Björnsson og Salvör Rafnsdóttir hlutu 9,1 milljónir króna úr sjóðnum 2020.**



„Það er mikilvægt að rannsaka hvernig börnum sem fá krabbamein reiðir af á fullorðinsaldri. Við skoðum m.a. hjartaheilsu og lífsgæði.“ **Ragnar Bjarnason og Vigdís Hrönn Viggósdóttir hlutu 4,3 milljónir króna úr sjóðnum 2020.**

Krabbameinsfélagið Vísindasjóður

1951 2021 70 ára brautryðjendastarf Höldum áfram í þágu komandi kynslóða

BAK
ARÍ
IÐ

# Allar bollur á 379 kr/stk

**Bollur eru afgreiddar 12.-15. febrúar**



Vatnsdeigsbolla með Irish Coffee



Gerbolla með súkkulaði glassúr



Vatnsdeigsbolla með banana-rjóma og karamellu glassúr



Vatnsdeigsbolla með súkkulaði glassúr




Ófylltar bollur

Verð frá **399** kr/pk



Krakkabolla með karamellu eða súkkulaði og hlaupi

**199** kr/stk

Tilboð gilda út 14. febrúar

3 fyrir 2



3 fyrir 2 af Omnom súkkulaði í febrúar



Jarðarber - 400 g

**879** kr/pk



Glæsilegir blómvendir

verð frá **2.399** kr/stk



Ekta amerískar beyglur
Sesamfræ, fínar, kanill&rúsínur og bláberja

**559** kr/pk

Frábært verð




Ben & Jerry´s

**739** kr/stk
verð áður 999 kr/stk

50% afsláttur




50% afsláttur af Nammilandi 11.-14. febrúar

**1.450** kr/kg
verð áður 2.899 kr/kg

**Glæsilegur bolludagsbæklingur 2021 er kominn út!**
Þú getur skoðað bæklingin með því að skanna kóðann

# Meira fyrir ástina

**Uppskrift að Bernaissósu**

350 g smjör, 4 eggjarauður 2 msk hvítvínsedik, 1/2 msk sterkt sinnep karrý á hnífsoddi, cayenne pipar á hnífsoddi, 1/4 nautakraftskubbur, 1/2 msk þurrkað estragon, sjávarsalt og nýmalaður pipar. Bræðið smjörið í potti við vægan hita. Setjið eggjarauðurnar í pott ásamt ediki, sinnepi, karrý og cayenne pipar og þeytið vel yfir vatnsbaði þar til að blandan verður ljós og létt. Gætið þess að eggjarauðurnar hlaupi ekki. Leggið pottinn á vinnuborðið og hellið smjörinu smám saman við og hrærið vel á milli. Þegar 1/3 af smjörinu er kominn saman við blönduna er kjötkraftskubbi og estragoni bætt við og síðan haldið áfram að bæta smjörinu smám saman við þar til að það er uppurið. Kryddið til með salti og pipar.



**15% afsláttur**

ÍSLANDS NAUT

Íslensk ungnautalund

**6.714** kr/kg

Verð áður 7.899 kr/kg




Umami sjávarsalt. Milt bragð með afgerandi undirtón og eykur dýpt bragðsins

**719** kr/stk



**10% afsláttur**

ÍSLANDS LAMB

Hálfur lambahryggur

**3.239** kr/kg

Verð áður 3.599 kr/kg



**20% afsláttur**

Holta

Kjúklingalundir

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg



ÍSLANDS LAMB

Saltkjöt hefðbundið & saltskert

| Blandað | Valið |
|---|---|
| **1.199** kr/kg | **2.899** kr/kg |

HAGKAUP

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
12. FEBRÚAR 2021 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1940** Eldey er friðuð með lögum.

**1950** Íslenska íþróttafélagið Breiðablik UBK er stofnað.

**1950** Samband evrópskra sjónvarpsstöðva er stofnað.

**1965** Hótel Holt í Reykjavík er opnað.

**1989** Selta sest á einangrara í spennistöð á Geithálsi við Reykjavík sem veldur rafmagnsleysi á öllu Íslandi.

**1994** Ópið, málverk eftir Edvard Munch, hverfur af safni í Ósló.

**2010** Vetrarólympíuleikarnir 2010 eru settir í Vancouver í Kanada.




✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Aðalheiður Ríkarðsdóttir**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 10. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 15.

**Höskuldur Höskuldsson**
**Rakel Sara Höskuldsdóttir** **Guðbjartur Örn Gunnarsson**
**Lea Ösp Höskuldsdóttir**
**Elsa Guðbjartsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Dahlmann**

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við Laugarás, föstudaginn 29. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju við Hagatorg í dag, föstudaginn 12. febrúar, klukkan 15. Allir ættingjar og vinir eru hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir í ljósi aðstæðna.

**Sigurður Bragi Guðmundsson** **Irina Kiry**
**Gunnar Karl Guðmundsson** **Hrefna Lovísa Hrafnkelsdóttir**
**Heimir Guðmundsson** **Margrét Helgadóttir**
**Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir** **Bertrand Lauth**
**Bryndís Guðmundsdóttir** **Ívar Kristjánsson**
**barnabörn, barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra

**Agnes Steina Óskarsdóttir**
leikskóla- og sérkennari,
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést á hjartadeild Landspítalans 6. febrúar síðastliðinn. Útför fer fram í kyrrþey.

**Ævar Ragnarsson**
**Óskar Ævarsson** **Andrea Vikarsdóttir**
**Bryndís Ævarsdóttir** **Þorvaldur Friðþjófsson**
**Jóhann Ævarsson** **Eva Rowan Ævarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Lillýjar Jónsdóttur**
Fjallalind 12,

sem lést 28. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Erlendur Guðmundsson**
**Guðmundur Erlendsson** **Birna Metúsalemsdóttir**
**Kolbrún Júlía Erlendsdóttir** **Þorvaldur Guðmundsson**
**Hrafnhildur Björg Erlendsdóttir** **Gunnar Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


# Ljóðin ganga í torfum

**Íslenska og finnska eru ólík tungumál. Finnski rithöfundurinn Tapio Koivukari yrkir á þeim báðum. Ljóðabókin Innfirðir er fyrsta bókin sem hann skrifar á íslensku.**

Við erum bara hress, bæði heima að fást við okkar hugðarefni, skrif og listmálun. Eiginlega er það dagvinnan okkar eins og stendur. Sonur okkar er í menntaskóla," segir verðlaunarithöfundurinn Tapio Koivukari, inntur eftir högum sínum og fjölskyldunnar sem býr í Rauma í Finnlandi. Eiginkona hans, myndlistarkonan Hulda Leifsdóttir, er rammíslensk – fædd og uppalin á Ísafirði en flutti til Finnlands 1993, eftir að hafa kynnst Tapio fyrir vestan.

**Ástarljóð milli lína**

Tapio er þekktur hér á landi fyrir skáldsögur í þýðingum Sigurðar Karlssonar. En ljóðabókin Innfirðir, sem kom út á síðasta ári, er sú fyrsta sem hann skrifar á íslensku. „Ég hafði prófað að yrkja á íslensku einhvern tíma. Svo bað Gerður Kristný mig að þýða ljóð eftir sig og finnsk skáldkona, Heli Laaksonen, nefndi að ég ætti að prófa að skrifa ljóð á okkar mállýsku. Þannig fór að ég orti slatta af ljóðum, fyrst á rámisku, svo á íslensku – og líka öfugt. Ljóðin ganga í torfum, koma stundum en líður langt á milli." Í nýju bókinni yrkir hann um sögu, sjó, eyjar, skip, dauða og að vera foreldri. „Ljóðin fjalla um þann leyndardóm sem við köllum lífið," segir hann. „Tvö eru um foreldra mína, Stríðsmaður og Flóttakona. Mörg eru ástarljóð svona á milli lína. Líka nokkur um Rússa, mér finnst þeirra menningarheimur heillandi og ógnvekjandi í senn."

> **Eitthvert varð ég að fara og mig langaði á norðlægar slóðir og í verkamannavinnu, það væri „í alvörunni".**

**Ísbjörg fyrsta þýðingin**

Á Ísafirði byrjaði Tapio að þýða. „Ég heiti Ísbjörg eftir Vigdísi Gríms var fyrsta bókin, sú var þungur róður," rifjar hann upp. Nú kveðst hann vinna að skáldsögu sem gerist í Helsinki á 9. áratug liðinnar aldar. „Ég nota eigin minningar að hluta til sem efnivið," segir hann. Það kemur ekki á óvart eftir að hafa lesið ljóð hans um uppskipun og fiskvinnslu. „Ég var oft í uppskipun á námsárunum, bæði í Helsinki og Rauma, svo hef ég verið að smíða líka. Vann smá tíma við ráðhúsbygginguna í Reykjavík þegar ég kom fyrst en var svo að kenna á 10. áratugnum áður en ég gerðist rithöfundur að aðalstarfi," lýsir Tapio, sem er guðfræðingur með kennsluréttindi.

Það var á árunum 1989 og 1993 sem Tapio bjó á Íslandi. „Það er langt síðan en við höfum nú komið í heimsóknir. Af hverju ég kom fyrst? Ég hugsa að það hafi verið farg kynslóðanna, ég er innflytjandi í þriðja ættlegg. Afi var í Massachusetts, pabbi var í Svíþjóð, eitthvert varð ég að fara og mig langaði á norðlægar slóðir og í verkamannavinnu, það væri „í alvörunni". Tók þessa verkamannatörn 1989, svo var ég smíðakennari á Ísafirði 1990 til 93."

Tapio kveðst lesa bókmenntir á finnsku, íslensku og sænsku nokkuð reglulega, stundum á ensku, einkum fræðibækur. „Á eistnesku les ég smásögur og fréttir, reyni að læra það mál betur. Svo kann ég smá hrafl í þýsku og rússnesku en ekki nóg til að lesa bækur." Hann segir þau hjón hafa fengið glás af íslenskum bókum fyrir jólin, telur upp: Undir Yggdrasil, Dýralíf, Eldarnir og Fjarvera þín er myrkur – og klykkir út með Skugga-Baldri eftir Ólínu Þorvarðar. **gun@frettabladid.is**



Tapio og Hulda ætluðu að lesa ljóð og sýna list hér á landi í fyrravetur en urðu að hætta við vegna veirunnar. Þau koma aftur. MYNDIR/MIIKKA LAPPALAINEN

## Sjávarþorp

Í þessu þorpi
eru strætóskýlin
líka með kýraugu.
Þökin rauð
eins og botninn
á bát á hvolfi.

Sjávarseltan
hverfur seint úr sálinni
á bak við augun
opið haf
með óteljandi grynningum.



Tapio með bókina Innfirðir.

# Fólk

FÖSTUDAGUR 12. FEBRÚAR 2021

Íslenskt
láttu það ganga



**Bolludagur er á mánudag og sprengidagur á þriðjudag svo það er rétt að huga að uppskriftum fyrir dásemdar bollur og æðislega baunasúpu.** ➜4

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Felix Bergsson telur mikilvægt að fá íslenskar talsetningar á Disney-myndum inn á streymisveituna Disney+. Hann segir að það sé mikilvægt fyrir máltöku og þroska máltilfinningar íslenskra barna að horfa á barnaefni á góðri íslensku og það sé synd að þetta sé ekki aðgengilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óðamála augað er uppáhaldspersónan

Felix Bergsson er stoltur af því að hafa fengið að ljá mörgum af vinsælustu persónum Disney rödd sína. Hann segir þýðingarnar hafa verið vandaðar og hann hafi verið heppinn að hitta á mikilvægt tímabil í talsetningum. ➜2

Framhald af forsíðu ➺

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is





Felix segir að Disney hafi alltaf fylgst mjög vel með en hafi líka skilið mikilvægi listræns frelsis og leyft íslensku leikurunum að halda í sín persónueinkenni, en ekki bara látið þá elta upprunalegu talsetninguna. Fyrir vikið hafi talsetningarnar virkað betur á íslenska áhorfendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikil umræða hefur skapast á samfélagsmiðlum um mikilvægi þess að fá íslenskar talsetningar á Disney-myndum inn á streymisveituna Disney+ og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur óskað eftir því að Disney verði við þeim óskum. Leikarinn og fjölmiðlamaðurinn Felix Bergsson var einn þeirra sem sá um talsetningar á mörgum af vinsælustu Disney-myndum allra tíma á 10. áratug síðustu aldar og styður þessa hugmynd. Hann segist vera stoltur af starfinu sem hann vann fyrir Disney og að hlutverk Magga Víglunds í Skrímsli hf. standi sérstaklega upp úr.

„Mér finnst þetta mjög mikilvægt málefni og ég styð þetta heils hugar. Það er mikilvægt að við tölum íslensku og þetta er mikilvægt fyrir máltöku og þroska máltilfinningar hjá börnum. Þetta getur líka hjálpað þeim sem eru að læra íslensku, barnaefni er oft ein besta leiðin til að læra nýtt tungumál,“ segir Felix. „Svo er megnið af þessu ansi vel gert og þarna er góð íslenska, enda var mikil vinna lögð í bæði þýðingar og talsetningar. Það er synd að þetta sé ekki aðgengilegt og fáránlegt að þetta sé bara aðgengilegt á erlendri tungu þegar þetta er til á íslensku.“

## Sáu mikilvægi Tinna

„Ég talsetti mjög mikið fyrstu árin í leiklistinni og svo kom Disney, þannig að þetta var heilmikil vinna og ég kynntist fjölda fólks í kringum þetta,“ segir Felix. „Fyrir Disney hafði ég verið í fullu starfi hjá Stöð 2 í tvo vetur við að talsetja og það var óskaplega skemmtilegur tími. Það var einmitt þar sem ég kynntist Gunnari Helgasyni. Við lékum í fjölmörgum seríum, en aðalmálið var Sesam, opnist þú, þar sem við lékum Berta og Árna, eða Bert og Ernie. Þar hófst samstarf okkar í rauninni.

Maður fékk oft verkefni þar sem aðrir gerðu sér ekki grein fyrir mikilvæginu en maður sá það sjálfur,“ segir Felix. „RÚV var t.d. alltaf bara með einn talsetjara fyrir hvern þátt en þegar Þorsteinn Bachmann var beðinn um að talsetja Tinna sá hann að það væri ein flottasta serían það árið og grenjaði út að við fengjum að vera tveir. Svo sátum við og æfðum okkur óendanlega til að láta þetta passa og finna raddir.“

## Disney gaf listrænt frelsi

„Ég var ótrúlega heppinn með að fá öll þessi verkefni frá Disney. Ég er með rödd á rétta raddsviðinu, hár barítón, og ég get líka sungið og það hjálpaði. Ég prófaði bara og var valinn,“ segir Felix. „Disney eru að leita að ákveðinni hljýju í röddinni svo hægt sé að selja áhorfendum að þarna sé góð manneskja á ferðinni og eitthvað í minni rödd virkaði.

> Disney eru að leita að ákveðinni hljýju í röddinni svo hægt sé að selja áhorfendum að þarna sé góð manneskja á ferðinni og eitthvað í minni rödd virkaði.

Disney eru mjög góðir í að skilja mikilvægi listræns frelsis. Þeir skildu að við værum fólk sem væri þekkt á Íslandi og þekkt fyrir ákveðinn karakter sem þeir leyfðu okkur að halda í, í stað þess að herma nákvæmlega eftir frummálinu,“ segir Felix. „Laddi fékk til dæmis að vera hann sjálfur í Aladdín og vera með íslenska brandara. Þeir skildu að þetta væri nauðsynlegt til að þetta gengi upp. Disney treystu okkur, en fylgdust líka mjög vel með og gerðu til dæmis athugasemdir við að Simbi héti ekki Simba, en þá þurfti bara að útskýra íslenskar málvenjur.“

## Mikið lagt í þýðingarnar

„Þetta var mjög skemmtilegur tími. Júlíus Agnarsson var aðalmaðurinn í upptökunum og þetta var eiginlega aðalstarfið hans í mörg ár, en hann byggði sérstakt stúdíó fyrir talsetningarnar í kjallaranum sínum,“ segir Felix. „Fyrsta verkefnið fyrir Disney var Aladdín og mér fannst bæði verkefnið og myndin sjálf stórkostleg. Ég gerði mér strax grein fyrir hvað þetta væri æðislegt efni og við tókum þessu mjög alvarlega. Við fengum svo enn stærra verkefni næst, Konung ljónanna, og tókum því ekki síður alvarlega og vorum oft með leikstjóra með okkur.

Þýðendurnir voru líka frábærir. Þorsteinn Eggertsson þýddi til dæmis söngtextana fyrir Aladdín og hann var svo vandvirkur að hann passaði að láta þýðinguna passa við varahreyfingar,“ útskýrir Felix. „Þannig varð „A whole new world“ að „við höldum vörð“. Þetta eru sömu varahreyfingar. Þýðingin á Aladdín var sérstaklega vel heppnuð og fékk alþjóðlega viðurkenningu fyrir vikið. Laddi var líka frábær sem Andinn og Edda Heiðrún Backman, Rúrik Haraldsson og fleiri góðir leikarar stóðu sig mjög vel. En það er svolítið fyndið að ég hitti aldrei neitt af þessu fólki, við talsettum öll í okkar horni. Þannig að þessi eldheitu ástarlög eru ekki sungin hlið við hlið.“

## Maggi Víglunds í uppáhaldi

Felix segir að Leikfangasaga hafi verið eftirminnilegasta verkefnið fyrir Disney.

„Þegar ég sá hana fyrst ætlaði ég ekki að trúa mínum eigin augum! Næsta verkefni var svo önnur Pixar-mynd, Skrímsli hf., og ég held að það hafi verið skemmtilegast. Hún er ótrúlega fyndin og ein besta Pixar-myndin. Sagan er snjöll og eldist vel og ég fékk að tala eiginlega allan tímann því Maggi Víglunds er óðamála auga sem talar stanslaust!“ segir Felix og hlær. „Svo fengum við meira að segja að gera söngleik og svona „outtakes“ í endann. Það var þvílík vitleysa og ótrúlega gaman.“

Felix segir að hlutverk Manna í Ísöld hafi hins vegar verið frekar krefjandi.

„Ray Romano, sem leikur hann á ensku, er mjög ólíkur mér og ég hef alltaf verið dálítið undrandi á að ég hafi fengið þetta hlutverk, en ég held að það tengist hlýjunni sem ég talaði um áðan,“ segir Felix. „En ég þarf að breyta röddinni mikið til að leika hann og það er erfiðara.

Mér fannst líka erfitt að talsetja myndina Prince of Egypt frá Dreamworks, ekki síst vegna þess að þá var maður sendur að utan til að sitja yfir okkur. Hann tafði vinnuna og tók af okkur allt listrænt frelsi,“ útskýrir Felix. „Það var mjög erfitt, enda var sú mynd ekki nógu vel heppnuð, þrátt fyrir að algjörir snillingar hafi staðið að gerð hennar.“

## Disney vill nýjar raddir

Felix sinnir ekki lengur talsetningum fyrir Disney.

„Blómatíminn var þarna í byrjun, frá svona 1990–2005. Eftir það hefur þetta verið miklu minna, en það hafa komið framhöld af gömlu myndunum þar sem ég hef haldið mínum karakterum,“ segir Felix. „En ég hef ekki fengið nýtt hlutverk síðan Maggi Víglunds í Skrímsli hf.

Disney leggur áherslu á að fá nýjar raddir og á tímabili var beðið sérstaklega um að ég væri ekki prófaður, en þá var ég búinn að leika nokkra prinsa og þeir vildu eitthvað nýtt,“ segir Felix. „Svo bara smám saman dettur maður úr þessu og ég fór meira í fjölmiðlana. Þá man fólk ekki endilega lengur eftir manni sem leikara, maður gleymist fljótt í þessum geira.“

> Næsta verkefni var svo önnur Pixar-mynd, Skrímsli hf., og ég held að það hafi verið skemmtilegast. Hún er ótrúlega fyndin og ein besta Pixar-myndin. Sagan er snjöll og eldist vel og ég fékk að tala eiginlega allan tímann því Maggi Víglunds er óðamála auga sem talar stanslaust!

## Stoltur af starfinu

Felix sagði frá því á Twitter að hann hefði fengið 100 þúsund krónur í verktakalaun fyrir vinnuna við Konung ljónanna, sem vakti nokkurt umtal.

„Mér fannst þetta vel borguð vinna á sínum tíma sem ungum leikara. Þetta var ágæt summa og gott tímakaup, enda lék ég bara í seinni hlutanum, eftir Hakuna Matata. En svo þegar maður sá hvað þetta seldi mikið og fór víða fóru að renna á mann tvær grímur,“ segir Felix.

„Það sáu 70 þúsund manns myndina í bíó og það seldust 30-40 þúsund VHS-spólur og DVD-diskar, fyrir utan allar sýningarnar í sjónvarpi um jól og allt streymið. Þegar þetta allt er tekið saman finnst manni þetta ekkert sérstök laun.

En fyrst og fremst er ég ákaflega stoltur af því að hafa fengið tækifæri til taka þátt í svona mikilvægu starfi,“ segir Felix. „Ég hitti á mjög mikilvægan tíma í þessu og er ákaflega stoltur af því að hafa verið valinn til að ljá þessum stórkostlegu karakterum rödd mína.“






**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.




Til að fagna vorhátíðinni á ári uxans, hefur kínverska sendiráðið á Íslandi útbúið dagskrá með rafrænum menningarviðburðum.

# Nýárskveðja frá sendiherra Kína, Jin Zhijian

Í dag, 12. febrúar, er vorfagnaðurinn og fyrsti dagur nýársins samkvæmt hinu forna kínverska tímatali og eru þetta mikilvægustu hefðbundnu hátíðarhöld ársins í Kína.

Fyrir hönd kínverska sendiráðsins á Íslandi og í eigin nafni langar mig til að óska öllum kínverskum ríkisborgurum og Íslendingum af kínverskum uppruna á Íslandi gleðilegs nýs árs. Ég óska ykkur öllum gleðilegrar vorhátíðar og gæfu á ári uxans. Mig langar einnig að nota tækifærið til að óska öllum íslenskum vinum mínum hamingju og góðrar heilsu á nýju ári.

Hið nýliðna ár 2020 var í sannleika sagt eftirtektarvert og ógleymanlegt ár. COVID-19 hefur valdið gríðarlegum usla úti um allan heim og hefur haft áhrif á líf almennings í öllum löndum. Þar sem kínverska þjóðin stóð frammi fyrir hinni flóknu stöðu sem COVID-19 olli, náði hún að taka höndum saman og ná stjórn á faraldrinum. Þar að auki hefur Kína náð að auka vöxt í efnahagslífinu og náð afgerandi árangri í útrýmingu sárrar fátæktar. Nú um stundir breytist Kína dag frá degi.

Á síðastliðnu ári studdu Kína og Ísland hvort annað á erfiðum tímum og unnu sameinuð gegn útbreiðslu COVID-19, og rituðu þar með nýjan kafla í sögunni um vináttu þjóðanna. Tvíhliða samstarf okkar er í stöðugri þróun og samskiptin og framfarirnar þróast áfram með stöðugum hætti.

Árið 2021 er ár uxans samkvæmt kínverska dýrahringnum. Uxinn stendur fyrir staðfestu, vinnusemi og úthald. Lu Xun, þekktur kínverskur rithöfundur, sagði einu sinni, „ég þjóna fólkinu eins og staðfastur uxi“. Ég vona að við getum viðhaldið þessari hugsun á ári uxans og náum að skapa tvíhliða samstarfi þjóðanna bjarta framtíð þegar við fögnum 50 ára afmæli diplómatískrar samvinnu á þessu ári.

Til að fagna vorhátíðinni á ári uxans, hefur kínverska sendiráðið á Íslandi útbúið dagskrá með rafrænum menningarviðburðum. Við bjóðum ykkur að fylgjast með þessum viðburðum á heimasíðu og Facebook-síðu sendiráðsins.

*Jin Zhijian,*
*sendiherra Kína á Íslandi*

**Kóði fyrir Facebook-síðu kínverska sendiráðsins á Íslandi.**

**Kóði fyrir kínverska sendiráðið á netinu.**




**Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi, sendir landsmönnum kveðju um áramót en Kínverjar fagna ári uxans sem sagður er standa fyrir staðfestu, vinnusemi og úthald.** MYND/SENDIRÁÐ KÍNA

# Ómótstæðilegar bollur

**Bolludagurinn er á mánudag. Margir eiga sínar uppáhalds bolluuppskriftir og njóta þess að baka fyrir bolludaginn og búa til ljúffengar fyllingar og toppa þær með sínu uppáhaldssælgæti.**


Matarást Sjafnar



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is


Linda Benediktsdóttir, köku- og matarbloggari, höfundur uppskriftabókar og sælkeri, bakar bollur og heldur í hefðirnar sem fylgja bolludeginum með fjölskyldu sinni. „Við erum alltaf með bollukaffi á sunnudeginum og svo fiskibollur eða kjötbollur í kvöldmatinn á mánudeginum.“ Linda á góðar minningar í tengslum við bolludaginn og hefur speglað þær til barnanna sinna. „Ég elskaði bolludaginn sem barn, hjálpaði mömmu að baka bollurnar og við föndruðum bolluvönd saman.“

„Vatnsdeigsbollurnar eru í uppáhaldi hjá mér og hafa ávallt verið.“ Linda ljóstrar hér upp uppskriftunum að sínum uppáhaldsbollum og fyllingum sem eiga hug hennar þessa dagana.

## Hindberja-bolludagsbollur með vanillukremsrjóma

**Vatnsdeigsbollur**
**Hindberjasulta**
**Vanillukrem**
**300 ml rjómi frá Örnu mjólkurvörum**
**400 g hindber**
**Flórsykur**

### Aðferð

Byrjið á því að útbúa vanillukremið, sjá uppskrift hér fyrir neðan. Gerið næst vatnsdeigsbollur, sjá uppskrift hér fyrir neðan. Þeytið rjómann og blandið honum saman við vanillukremið. Opnið vatnsdeigsbollurnar, setjið hindberjasultu í botninn, vanillukremsrjómann yfir og loks hindber. Lokið og sigtið flórsykri yfir.

## Vatnsdeigsbollur

**125 g smjör**
**1 msk. sykur**
**275 ml vatn**
**170 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. salt**
**3-4 stk. egg**

### Aðferð

Kveiktu á ofninum og stilltu á 180 °C hita og blástur. Smjör, sykur og vatn er sett í pott og soðið saman í 2-3 mínútur. Slökktu svo undir pottinum. Hveiti, lyftiduft og salt er sett í skál, bættu því út í smjör-vatnið og hrærðu vel saman með sleif. Deigið á að vera þétt og lyftast upp frá brúnum pottsins. Láttu standa í 5 mínútur. Færðu deigið í hrærivél. Settu þrjú egg út í deigið, eitt og eitt í einu, og hrærðu þau vel saman við deigið. Vegna þess að egg eru misstór er mismunandi hversu mikið þú þarft af síðasta egginu. Áferðin á deiginu á að vera þannig að deigið lekur hægt og svolítið erfiðlega af sleifinni á nokkrum sekúndum.

Deigið á að halda nokkurn veginn sömu lögun eftir að þú setur það á plötuna en ekki leka út og verða flatt. Settu síðasta eggið í litla skál og hrærðu það saman. Settu 1 matskeið af egginu í einu út í og hrærðu vel á milli þangað til þú ert komin/n með rétta áferð á deigið. Settu smjörpappír á ofnplötu og settu deigið í sprautupoka eða matskeiðar til að útbúa bollurnar (2 matskeiðar ein bolla). Hafðu gott pláss á milli bollanna því þær stækka mikið í ofninum, gott að miða við um það bil 12 bollur á hverja plötu. Bollurnar eru bakaðar í 20–25 mínútur, en ekki opna ofninn fyrr en allavega 20 mínútur eru liðnar. Þá er hægt að taka eina út og meta hversu margar mínútur bollurnar eiga eftir, en þú sérð það þegar þú opnar bolluna og sérð hversu blaut hún er inni í.

## Vanillukrem

**500 ml nýmjólk frá Örnu mjólkurvörum**
**Fræin úr 1 vanillustöng**
**1 egg**
**1 eggjarauða**
**100 g sykur**
**30 g kornsterkja/maizena mjöl**
**25 g smjör**
**½ tsk. salt**

### Aðferð

Byrjað er á því að útbúa pastry cream með því að setja mjólkina í pott ásamt vanillufræjunum í pott og hita hana að suðu en slökkvið um leið undir þegar byrjar að sjóða. Setjið egg, eggjarauðu, kornsterkju og sykur í skál og hrærið saman. Hellið 1/3 af heitu mjólkinni út í skálina með hrærivélina í gangi. Þegar allt hefur blandast saman, hellið þá eggjablöndunni aftur ofan í pottinn með restinni af mjólkinni. Kveikið aftur á hitanum undir pottinum og hrærið stanslaust í blöndunni þar til hún hefur þykknað mikið og aðeins breytt um lit. Slökkvið þá undir pottinum og hrærið smjörið og saltið saman við. Hellið blöndunni í eldfast mót sem passar í ísskáp og leggið plastfilmu yfir, kælið.



Linda Ben töfrar fram girnilegar bollur fyrir bolludaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Margir taka forskot á sæluna og bjóða upp á bollukaffi um helgina.

## Karamellu-kropps-bolludagsbollur

**Vatnsdeigsbollur**
**500 ml rjómi**
**150 g Nóa rjómakúlur**
**50 ml rjómi**
**2 dl flórsykur**
**150 g Siríus karamellukurl**

### Aðferð

Setjið rjómakúlurnar í pott og bræðið með 50 ml rjóma, leyfið því að kólna örlítið. Léttþeytið rjómann og bætið út í 2 matskeiðum af karamellunni, fullþeytið rjómann. Bætið 100 g af karamellukurli ofan í rjómann, blandið varlega saman. Skerið bollurnar í helminga og fyllið þær með rjómanum, lokið bollunum. Setjið flórsykur ofan í karamelluna og blandið saman. Setjið karamelluna ofan á bollurnar og skreytið með karamellukurli.

Gaman er að bera bollurnar fram á fallegum kökudiskum og/eða brettum sem gleðja augað.

# Þá kætist hver er kjötið étur

**Saltkjöt og baunir, íslenskur þjóðarréttur sem borðaður er á fjölmörgum heimilum á sprengidag þó svo að hann sé alls ekki bundinn við hann eingöngu og var áður algengur allan ársins hring.**

Anna Björk Eðvarðsdóttir, formaður Hringsins og matarbloggari með meiru, er ein af þeim sem heldur fast í séríslenskar matarhefðir. „Það sem mér finnst svo gaman við matarhefðir almennt, er að þær ramma inn og leggja áherslu á sjarma hvers árstíma fyrir sig og maður hlakkar til að undirbúa og njóta, það veitir manni gleði og það skiptir máli. Borðið er alltaf fullmannað af stórfjölskyldunni á sprengidaginn, við elskum þessa matarhefð. Það hefur þekkst hjá okkur að sprengideginum hefur verið frestað, ef einhver var það upptekinn á deginum sjálfum að hann komst ekki.“

Anna Björk segist ávallt laga baunasúpuna að hætti ömmu sinnar. „Hún Anna Kristmundsdóttir, amma mín, kenndi mér að sjóða saltkjöt og baunir, allir elskuðu baunirnar hennar. Hún var fædd árið 1900 vestur í Skálavík, þar var mjög erfitt að draga fram lífið í den. Hún kenndi mér svo margt um gamlar matarhefðir sem eru mér kærar. Til dæmis að borða og meta fitu, bæði af kjöti og fiski, fitan hélt örugglega lífi í fólki í gamla daga. Ef ég ætlaði að gera henni gott, keypti ég handa henni bita af feitum súrum bringukolli eða lundabagga, hún elskaði það. En það fylltust allir tilhlökkun þegar hún dró fram stóra pottinn og fór að undirbúa baunirnar fyrir sprengidaginn.

Potturinn sem Anna Björk lagar baunasúpuna í á sér langa sögu innan fjölskyldunnar og hefðin fylgdi með honum. „Pottinn átti amma, hann er allavega 80 ára gamall. Það er búið að elda margar góðar súpur og mat í honum, hann er alger gersemi. Ég er skírð í höfuðið á ömmu og við vorum miklar vinkonur.



Anna Björk Eðvarðsdóttir matgæðingur býður hér upp á saltkjöt og baunir að hætti ömmu sinnar. Einstaklega góð baunasúpa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Gott hráefni, ást og natni

Eins og í allri matargerð eru töfrarnir gott hráefni, ást og natni. Hún gerði í raun ekkert við baunirnar annað en að leggja þær í bleyti kvöldinu áður. Síðan sauð hún þær rólega að morgni með kjötinu og lét þær svo kólna alveg svo þær gætu jafnað sig. Síðan hitaði hún þær upp um kvöldið. Svona hef ég gert þær alla tíð og kem ekki til með að breyta því. Ég hef prófað að búa til baunasúpu með „aukahlutum“, en var rekin til baka með það, svo ég sleppi öllum tilraunum á sprengidaginn.“ Þegar kemur að því að velja sér uppáhalds saltkjötsbitann viðurkennir Anna Björk fúslega að hún eigi sinn uppáhaldsbita og hann verði hún að fá. „Ég elska feitan síðubita og passa að nokkrir þannig séu með í kaupunum, fyrir okkur mömmu, við höfum sama smekk í þessum efnum. Þetta er eiginlega eina kjötfitan sem ég virkilega sæki í og elska, ég leyfi mér það, þetta er jú bara einu sinni á ári.“



Saltkjöt og baunir eins og best verður á kosið.

### Súpan

Baunirnar eru lagðar í bleyti í kalt vatn í mjög stórum potti, kvöldinu áður en á að sjóða þær. Passa að vatnið fljóti vel yfir baunirnar. Morguninn eftir er vatni bætt í pottinn, ef þarf, og suðan látin koma upp á baununum. Froðunni sem kemur við suðuna er fleytt ofan af og hent. Baunirnar eru látnar malla rólega í um 1 klst. Þar til þær eru alveg maukaðar, hrært í við og við.

### Saltkjötið

Það er góð regla að smakka kjötið áður en það fer í pottinn, til að vita hversu salt það er, og skola það vel eða jafnvel leggja það í bleyti í smátíma í kalt vatn í vaskinum, ef það er mjög salt. Það er betra að salta súpuna aðeins eftir á, ef þarf, heldur en að hún sé of sölt í grunninn. Kjötið er sett út í súpuna, suðan látin koma upp og kjötið soðið rólega í súpunni í 40–60 mín. Það þarf örugglega að athuga vatnsmagnið í pottinum og hræra í við og við svo baunirnar brenni ekki í botninum. Ég mæli eindregið með því að fullelda saltkjötið og baunirnar að morgni eða kvöldinu áður, ef þú hefur tækifæri til þess, vegna þess að þetta er einn af þessum réttum sem batnar við að kólna og jafna sig og hita svo upp aftur (ath. ekki taka kjötið upp úr súpunni). Þegar baunasúpan er hituð upp og hún er sjóðheit er gott að smakka hana til og bæta í hana salti eða vatni ef hún er mjög þykk, en hún byrjar að þykkna um leið og hún er komin á diskinn. Svo eru nauðsynlegt að hafa nóg af soðnum íslenskum rófum, kartöflum og gulrótum.

„Ekki gleyma að hafa víðu buxurnar með mjúku teygjunni við höndina til að skella sér í eftir matinn, það eru allar líkur á ofáti. Verði þér og þínum að góðu.“


AFMÆLIS-
HAPPDRÆTTI
Allir sem versla á afmælishátíðinni komast í pott og geta átt möguleika á að vinna stórglæsilega vinninga - Hvort sem þú verslar heima í vefverslun eða í verslunum okkar!
FRÍ heimsending og GLAÐNINGUR
ef verslað er fyrir 7.000kr eða meira
á ZIKZAKVERSLUN.IS
AFMÆLISHÁTÍÐ
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
af völdum vörum dagana 10-14 febrúar
Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL
2.990,-
Áður 5.990,-
S-XXXL
BOLUR
1.990,-
Áður 4.990,-
S-XXXL
KJÓLL
5.592,-
Áður 6.990,-
S-XXXL
KJÓLL
2.990,-
Áður 5.990,-
S-XXXL
KJÓLL
3.990,-
Áður 7.990,-
S-XXXL
KJÓLL
5.592,-
Áður 6.990,-
S-XXXL
KJÓLL
4.990,-
Áður 7.990,-
S-XXXL
BOLUR
3.992,-
Áður 4.990,-
S-XXXL
KJÓLL
4.990,-
Áður 7.990,-
S-XXXL
DIXIE pleðurbuxur
Einstaklega klæðilegar með teygju í mittið og þröngar skálmar
8.792,-
Áður 10.990,-
XS-XXXL
SHAPE aðhaldsbuxur
Einstaklega klæðilegar, þægilegar og mjúkar. Þær eru með háa ísetu og þröngar skálmar. Sveigðir saumar að aftan móta lögulegri rass og læri
8.792,-
Áður 10.990,-
XS-XXXL

# Valentínus sækir um ríkisborgararétt

Valentínusardagurinn er víða haldinn hátíðlegur sunnudaginn 14. febrúar. Ekki er vitað nákvæmlega hver heilagur Valentínus var en nafnið á við um tvo eða þrjá píslarvotta í sögu kirkjunnar.



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is




Á Valentínusardaginn ættum við að munda væmnisklútinn, setja upp hjartagleraugun og líta veröldina með ást í hjarta. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY.

Í huga margra er Valentínusardagurinn fátt annað en enn einn innflutti hátíðisdagurinn sem knúinn er áfram af græðgi markaðsaflanna. Það eru þó fjölmargir sem halda upp á Valentínusardaginn hér á landi, en ekki er vitað hvenær það var fyrst gert. Elsta heimildin er úr Morgunblaðinu frá 1958:

„...hér á landi fer minna fyrir deginum. Þó hafa blómaverzlanir í Reykjavík til sölu litla blómvendi, sem hnýttir hafa verið í tilefni dagsins.“

Hugmyndin að baki deginum er þó í grunninn ákaflega falleg, að fagna ástinni, oftast ást maka á milli. En ástin finnst víða, hvort sem um er að ræða ást á milli maka, foreldraást, vinaást eða annars konar ást, þá er um að ræða fyrirbæri sem flestir geta verið sammála um að sé eitthvað sem er þess virði að fagna. Ef ekki á hverjum degi, þá að minnsta kosti einu sinni á ári, og þá helst ærlega. Dagurinn gefur okkur afsökun til þess að vera svolítið væmin og klisjuleg, tjá maka/vini/fjölskyldumeðlimi ást okkar og lyfta okkur upp í köldu febrúarmyrkrinu.

Þrátt fyrir erlendan uppruna er vel hægt að bjóða hann Valentínus velkominn í íslenskt samfélag og halda upp á daginn sem nefndur er í höfuð dýrlinganna upp á íslenska vísu. Líkt og jólin eru nokkrar hefðir tengdar deginum og í langflestum tilfellum er hægt að finna sambærileg hráefni eða efnisatriði sem framleidd eru eða eru búin til á Íslandi sem ekki fylgja allt of mörg kolefnisspor.

### Dýrindis máltíð

Ætli nautakjöt sé ekki það sem kemur fyrst upp í hugann þegar á að koma makanum á óvart með rómantískum málsverði? Í kjötverslunum landsins fæst víða dýrindis nautakjöt af íslenskum nautgripum sem aldir eru að miklu leyti á íslensku heyi og grasi. Fyrir þau sem ekki vilja nautið þá er íslenska lambið að sjálfsögðu hinn vænlegasti kostur. Íslenskur humar og fiskur er einnig þekktur fyrir að vera með einni bestu dýraafurð í heimi. Grænmetisætur og grænkerar eru síður en svo skilin útundan, en samkvæmt íslenska grænmetisdagatalinu eru hinar ýmsu girnilegu grænmetisafurðir í toppstandi núna í febrúar. Þar má einna helst nefna hvítkálið og rófurnar, en með girnilegum kryddjurtum má gera einföldustu rétti að sælkeramáltíð.

### Tónlist

Íslenskt tónlistarfólk er heimsþekkt fyrir áhugaverða, framsækna og einstaka tónlist sem er innblásin af fjöllum og firnindum, litlu borgarsamfélagi og óhagstæðri veðráttu. Frægasti Íslendingurinn sem um getur er enda tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir og hafa fjölmargir aðrir getið sér góðs orðs á erlendri grundu. Við eigum ófáráfjölda af góðu íslensku tónlistarfólki, allt frá þeim klassísku, Ellý Vilhjálms, KK og Bubba, til Hjaltalíns, GDRN og Ásgeirs Trausta. Því ber að fagna og sjaldan er tilefnið betra en í samveru með ástvinum.

**» Dagurinn gefur okkur afsökun til þess að vera svolítið væmin og klisjuleg, tjá maka/vini/fjölskyldumeðlimi ást okkar og lyfta okkur upp í köldu febrúarmyrkrinu.**

### Kertaljós

Það er liðið inn á miðjan febrúar, sem er 12. mánuður Covid-ársins, og það hefur sjaldan verið jafnmikið tilefni til þess að lýsa upp heimkynnin með titrandi kertaljóma. Lituð kerti, hvít og hátíðleg, ilmkerti, kerti í formi gæludýra og svo má lengi telja. Íslendingar eru sérfræðingar í kertum enda lifði íslenska bændasamfélagið við birtuna af lýsis- og kertaljósum langt fram eftir öld. Bjarminn af flöktandi kertaljósi er skrifaður inn í erfðaefni þjóðarinnar, enda finnst vart það íslenska mannsbarn sem ekki fær gæsahúð frá iljum og upp í eyru þegar rými er eingöngu upplýst með kertaljósum sem loga bjóðandi í vetrardimmunni.

### Blóm

